

## Grímshagi ehf.

2.október 2012

Fundur í stjórn Grímshaga ehf haldinn á Hvanneyri 2. Október 2012. Mættir eru eftirtaldir fulltrúar í stjórn: Guðrún Sigurjónsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson og Þorvaldur T. Jónsson. Einnig mættir Lárus Pétursson framkvæmdastjóri og Ágúst Sigurðsson rektor.

1. Verkaskipting stjórnar. Fundurinn er 1. fundur stjórnar eftir aðalfund sem haldinn var þann 11. September sl. Samþykkt er samhljóða að Guðrún Sigurjónsdóttir verði formaður stjórnar, aðrir stjórnarmenn meðstjórnendur.
2. Ýmis rekstrarmál. Rætt um forsendur og þróun í rekstri Grímshaga og stöðu í árslok 2011. Óvissu varðandi rekstrarform félagsins hefur verið eytt með því að það verður áfram rekið sem einkahlutafélag. Engu að síður þarf félagið að haga upplýsingamiðlun og öðrum atriðum með hliðsjón af því að það er í opinberri eigu. Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir framleiðslu og fóðuröflun búsins og ársreikninga síðustu ára.
3. Samstarfssamningur Lbhí og Grímshaga. Fyrir liggja fyrstu drög að endurskoðuðum samningi og eru aðilar sammála um að ljúka endurskoðun og undirrita nýjan samning í haust.
4. Önnur mál. Að loknum fundi fóru fundarmenn skoðunarferð um fjós og aðra aðstöðu félagsins á Hvanneyri. Stefnt að næsta fundi um miðjan nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15